

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 000.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 000.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 20% söluskattur og 13% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem selt er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku-
lögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjald-
skrá sama efnis nr. 262 29. júní 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 7. mars 1977.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

3. mars 1977.

Nr. 146.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningargjafasjóð Sigurðar B. Gunnarssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. mars 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningargjafasjóð Sigurðar B. Gunnarssonar.

Í samræmi við fundarsamþykkt sóknarnefndar Skeiðflatar sóknar, dags. 25. febr. 1974, stofnar sóknarnefndin til sjóðsstofnunar, í minningu um Sigurð B. Gunnarsson Litla-Hvammi, með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningargjafasjóður Sigurðar B. Gunnarssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Skeiðflata kirkju, með fjárframlögum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur tuttugu þúsund, kr. 20 000.00, og skal það vera óhreyft í sjóðnum.

Fjármunir sjóðsins skulu ávaxtaðir í innlánsstofnun.

4. gr.

Höfð verði til sölu minningargjafakort til eflingar sjóðnum.

5. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins má verja árlega í þágu Skeiðflata kirkju, eftir mati sjóðsstjórnar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipar sóknarnefnd Skeiðflatarsóknar.

7. gr.

Breitingar á skipulagsskrá þessari, eða ákvörðun um að leggja sjóðinn niður, þarf samþykki $\frac{2}{3}$ hl. sóknarnefndar og skulu þá eignir sjóðsins renna til Skeiðflatarkirkju.

Nr. 147.

REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

Rekstrarreikningur 1976.

G j ö l d :	
Tekjuafgangur	kr. 210 120.00
	Kr. 210.120.00
T e k j u r :	
Vextir 1976 af sparisj.bók 31373	kr. 72 479.00
Vextir 1975 af sparisj.bók 31373	— 777.00
Vextir 1976 af vaxtaaukal. 1256	— 136 864.00
	Kr. 210.120.00
Efnahagsreikningur pr. 31. 12. 1976.	
E i g n i r :	
Sparisjóðsbók 31373	kr. 178.256.00
Vaxtaaukal. 1255	— 1 136 864.00
	Kr. 1 315 120.00
S k u l d i r :	
Höfuðstóll	kr. 1 000 000.00
Tekjuafgangur 1975	kr. 105 000.00
Tekjuafgangur 1976	— 210 120.00
	— 315 120.00
	Kr. 1 315 120.00

Selfossi, 14. janúar 1977.

f. h. Kvenfélags Selfoss,

Arndís Þorbjarnardóttir, form.

Yfirlit og eignir staðreyndar. Engar athugasemdir.

Skrifstofa Árnassýslu, 11. febrúar 1977.

Páll Hallgrímsson, sýslumaður Árnassýslu.